

GREINARGERÐ

ALMENNT

Um er að ræða deiliskipulag á uppb. 9800m² af jörðinni Hrosshaga, landsnr. 167118, í Bláskógabyggð. Í gildandi aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000 – 2012 er jörðin skilgreind sem landbúnaðarsvæði.

UMHVERFI

Á deiliskipulagsvæðinu, sem liggur meðfram Hrosshagavegi norð-vestan við íbúðarhúsin í Hrosshaga, er núv. skógrækt á vegum Suðurlandsskóga. Innan skógarins verða 5 tjaldstæði fyrir s.k. náttúrukúlur og byggingarreitur með heimild fyrir 2 þjónustuhús með flatarmál að hámarki 90m² samanlagt. Í þessum þjónustuhúsum verður nauðsynleg hreinlætisaðstaða til staðar, eldunaraðstaða þannig gestir geta útbúið sér sinn eigin mat og svæði til afslöppunar. Fyrst í stað verður eingöngu byggt 1 þjónustuhús.

NÁTTÚRKÚLUR

Náttúrukúlurnar, sem eru kúlulaga og gegnsæ tjöld, verða 5 og eru ný gerð tjalda úr vistvænu plasti ætluð fyrir gistiþjónustu. Þeim er haldið uppi annað hvort með yfirþrystingi frá loftdælu eða með álgrind. Þær eru festar með krókum átré pall eða hafðar á fótum.

HÖNNUN OG FRÁGANGUR

Við skipulag og hönnun, sem og við framkvæmdir, skal leitast við að mannvirki falli vel að náttúrulegu landslagi og gróðurfari. Mannvirki skulu ekki vera varanleg. Bæði byggingar og tjöld má taka í burtu með litlum fyrirvara án þess að það skaði umhverfi svæðisins.

VEGTENGING OG BÍLASTÆÐI


Útbúinn verður vegaslóði frá Hrosshagavegi nr. 3550 yfir í þjónustuhús. Vegaslóðinn verður lokaður almenningu og gestum náttúrukúlanna. Vestan við þjónustuhúsið eru fyrirhuguð 5 bílastæði með refhleðslustaurum. Gert er ráð fyrir skógarstígum frá bílastæði að þjónustuhúsi og frá þjónustuhúsi að náttúrukúlum.

VATNSVEITA OG FRÁRENNSLI


Heitt vatn er fengið úr borholu við Reykjavelli. Kalt vatn kemur úr vatnsveitu Bláskógabyggðar. Rotþró er komið fyrir austan við þjónustuhús.

BYGGINGARKILMÁLAR

Heimilt er að byggja innan byggingarreits 2 hús ætluð sem þjónustuhús fyrir náttúrukúlurnar. Hvort hús skal ekki vera stærra en 45 m² að grunnfleti. Hámarkshæð frá grunnkvóta húss í mæni er 4.5m. Húsin skulu vera samræmd í últiti.



Aðalskipulag Biskupstungnahrepps 2000 - 2012.
Ekki í kvarða



Aðalskipulag Biskupstungnahrepps 2000 - 2012.
Úrdráttur - Ekki í kvarða

LANDPLAN

Landplan - Sveinn Runar Traustason, landslagsarkitekt FILA
Industriveien 10a, 3219 Sandefjord. Noregur
Tel: +47 913 45 923 Email: sveinnt@hotmail.com

SKÝRINGAR:

- Skipulagsmörk
- Byggingarreitur
- Náttúrukúlur
- Bílastæði
- Þjónustuvegur
- Núv. byggingar



VERKKOPI	
KYRRDIN EHF.	
VERKEFNI	
DEILISKIPULAG	
TJALDSVÆÐI HROSSHAGA	MELIKVARDI: 1: 500 1 A1 TEKN. NR. 16-001